

Ná.

636. Tillaga

til þingsályktunar um háskólanám annara en stúdenta og um meistara- og doktorspróf.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Hjeðinn Valdimarsson, Gunnar Sigurðsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leggja fyrir næsta þing tillögur til breytinga á lögum nr. 35, 30. júlí 1909, um stofnun háskóla, er heimili mönnum:

- a. að stunda nám við háskólann og taka þar embættispróf, ef þeir hafa til þess nægan þroska og þekkingu, þótt ekki hafi þeir tekið stúdentspróf.
- b. að taka meistara- og doktorspróf við háskólann, ef þeir hafa samið og afhent háskólaráðinu visindalegar ritgerðir, er fullnægja þeim skilyrðum, sem gera verður til slíkra ritgerða, þótt þeir engin próf hafi tekið áður.

Ástæður.

Það er alkunnugt, að allmargir menn ná þeim þroska, sem mentaskóla-

námi er ætlað að veita, og afla sjer nægilegrar nndirstöðuþekkingar til háskólanáms án þess að hafa sótt mentaskólann eða tekið burtfararpróf við hann eða annan lærðan skóla honum jafngildan. En það er auðvitað fyrst og fremst þroski og eðlishæfileikar, sem gera menn hæfa til háskólanáms. Liggur i augum uppi, að það er óviturlegt mjög að bægja þroskuðum hæfileikamönnum frá háskólanámi, þótt þeir einhverra orsaka vegna ekki hafi lokið prófi við mentaskólann eða annan honum jafngildan, eða sjeu of gamlir orðnir tii að setjast á bekk í slíkum skóla.

Doktorsprófi er ætlað að sýna hæfileika manna til fræðimensku og vísindastarfa, en veitir eigi rjett til embætta. Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að þroskaðir menn geta aflað þekkingar og vísindalegs starfhæfis án þess að hafa stundað háskólanám i þeirri grein, er þeir fást við, enda viðurkennir háskólinn það með því að lofa mönnum, sem lokið hafa prófi í eiuni fræðigrein, t. d. lögfræði, að ljúka doktorsprófi i annari, t. d. sögu, þó að doktorsefnið hafi ekkert háskólanám stundað í henni, en sje þar algerlega sjálfmentaður.

Ýms helstu menningarlönd álfunnar hafa svipuð ákvæði og hjer er gert ráð fyrir í háskólalöggjöf sinni.